



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28.11.2018  
Tilvísun: 201811-0009

**Efni: Umsögn um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar (framlag í lífeyrissjóði), 300. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar (framlag í lífeyrissjóði), 300. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að móttframlag í lífeyrissjóð á grundvelli ofangreindra laga hækki úr 8% í 11,5% til samræmis við kjarasamning aðildarfélag ASÍ og Samtaka atvinnulífsins frá 21. janúar 2016. Í samningnum er kveðið á um hækkun á móttframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð um 3,5% sem komi til framkvæmda í þremur áföngum, 0,5% stig þann 1. júlí 2016, 1,5% stig þann 1. júlí 2017 og um 1,5% stig þann 1. júlí 2018. Með samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016 var samið um nánari útfærslu á fyrirkomulagi hækkunarinnar þar sem m.a. er fjallað um heimild sjóðfélaga til að ráðstafa að hluta eða fullu, auknu framlagi launagreiðenda í bundinn séreignarsparnað.

Við gerð samkomulagsins var gengið út frá því gerð yrði breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem lögbundið lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð yrði hækkað í 15,5% til samræmis við samninginn auk þess sem umgjörð um aukið val sjóðfélaga innan skyldutryggingar í samræmi við samkomulagið yrði tryggð með lögum. Þetta er nauðsynlegt til að taka af lagalega óvissu sem nú ríkir um tilgreinda séreign innan skyldutryggingar og óvissu um ábyrgð á innheimtu iðgjalda sem getur stefnt lífeyrisréttindum sjóðfélaga í tvísýnu. Vorið 2017 lá fyrir samkomulag við fjármálaráðherra um lagt yrði fram frumvarp þess efnis eigi síðar en á haustþingi það ár. Slíkt frumvarp var hins vegar aldrei lagt fram og hefur málið ítrekað verið tekið upp við stjórnvöld síðan þá, án árangurs.



ASÍ leggur þess vegna fyrst og fremst ríka áherslu nauðsyn þess að innleiða nú þegar efni umrædds kjarasamnings og samkomulags í heildarlöggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Sú breyting sem hér er lögð til er mikilvægur liður í að tryggja að sú breyting verði einnig til að treysti lífeyrisréttindi þeirra sem eru utan vinnumakaðar vegna atvinnumissis, gjaldþrots, barnsfæðingar eða umönnunar.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ

Velferðarnefnd Alþingis

Nefndasviði Austurstræti 8 – 10,

150 Reykjavík


Reykjavík, 23. nóvember 2018

**Efni: Hækkun mótframlags í lífeyrissjóði, 300. mál.**

Frumvarp þetta er lagt fram til þess að fylgja eftir samkomulagi ASÍ og SA frá 2016 um hækkun mótframlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði launafólks. Breytingin er gerð til að gæta samræmis í mótframlagi ríkisins vegna greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði, ábyrgðarsjóði launa, fæðingarorlofssjóði, vegna greiðslna samkvæmt lögum um foreldra langveikra barna og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa.

BHM styður afgreiðslu þessa frumvarps.

Virðingarfyllt,



Þórunn Sveinbjarnardóttir,

Formaður BHM



## Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 3. desember 2018  
1812002 JFK


**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um Ábyrgðarsjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um greiðslu til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar (framlag í lífeyrissjóði) - Þingskjal 348- 300. mál.**

Jafnréttisstofa hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem er lagt til að móttframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs og ríkissjóðs í lífeyrissjóði fyrir þá einstaklinga sem nýta rétt sinn til greiðslna verði hækkað. Gert er ráð fyrir að móttframlagið hækki úr 8% í 11,5%.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu má ætla að fyrirhugaðar breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof geti haft meiri áhrif á öflun lífeyrisréttinda kvenna en karla þar sem konu nýta almennt meira af rétti sínum til fæðingarorlofs en karlar auk þess sem konur nýta almennt meira af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs en karlar. Þá er einnig gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna geti haft meiri áhrif á öflun lífeyrisréttinda kvenna en karla þar sem mun fleiri konur en karlar nýta sér rétt sinn til greiðslna á grundvelli laganna. Þá má ætla að fyrirhugaðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa geti haft mismunandi áhrif á öflun lífeyrisréttinda kvenna og karla eftir því hvort fleiri konur eða fleiri karlar nýta sér rétt sinn til greiðslna á grundvelli laganna.

Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Jafnréttisstofu,



Jón Fannar Kolbeinsson



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2018

1811022SA KB/bg  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar o.fl. (framlag í lífeyrissjóði) – 300. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 8. nóvember sl., þar sem kallað var eftir umsögnum um ofangreint þingmál.

Frumvarpið varðar fyrst og fremst öflun lífeyrisréttinda þeirra launamanna sem nýta rétt sinn til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnumissis, Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs eða ríkissjóði vegna umönnunar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða vegna líffæragsjafar.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það til hækkunar hlutfalls af greiðslum úr framangreindum framfærslukerfum sem kveðið er á um í viðkomandi lögum að bótakerfin skuli greiða móttframlag í lífeyrissjóði vegna einstaklinga sem fá greiðslur á grundvelli umræddra laga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum fjárheimildum á fjárlögum til að mæta auknum kostnaði en samþykkt frumvarpsins ætti ekki að hafa áhrif á útgjöld sveitarfélaga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa vegna krafna lífeyrissjóða um lífeyrisdögjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili samkvæmt lögum takmarkast við 15,5% af iðgjaldsstofni skv. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 í stað 12% lágmarksiðgjald samkvæmt sömu lögum líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um Ábyrgðasjóð launa.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur lögfestingu frumvarpsins vera til þess fallna að stuðla að bættum lífeyrisrétti þeirra einstaklinga sem fá greiðslur á grundvelli viðkomandi laga, til jafns við almenna launþega. Sambandið ítrekar þó fyrir umsögn, um drög að umræddu frumvarpi, um að ekki er rökrétt að frumvarp um þetta efni verði lagt fram á Alþingi nema jafnframt verði lagt fram frumvarp um breytingar á almennu framlagi vinnuveitenda í lífeyrissjóði. Verður ekki annað séð en að forsenda hækkunar í því frumvarpi sem hér er til umsagnar sé að lögbundið iðgjald til sjóðanna sé komið í 15,5% sbr. 2. gr. laga nr. 129/1997.

Jafnframt vill sambandið áréttta þá afstöðu að samþykkt frumvarpsins dragi ekki úr áformaðri lækkun tryggingagjalds.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2018

**Efni:** Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um framlag í lífeyrissjóði (hækkun á mótframlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs og ríkissjóðs til lífeyrissjóða sem og greiðslum Ábyrgðasjóðs launa til lífeyrissjóða), 300. mál á 149. löggjafarþingi.

Frumvarpinu er ætlað að samræma lífeyrisframlag tilgreindra sjóða og ríkissjóðs við það hlutfall sem atvinnurekendum er skylt að greiða sem mótframlag í lífeyrissjóði samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og aðildarsamtaka ASÍ frá 21. janúar 2016 og kom að fullu til framkvæmda 1. júlí 2018.

Samningur SA, ASÍ og aðildarsamtaka ASÍ frá 21. janúar 2016 tekur til þeirra launamanna sem falla undir almenna kjarasamninga SA og hlutaðeigandi aðildarsamtaka ASÍ. Þannig eru t.d. sjálfstætt starfandi einstaklingar óbundnir af því að skila 15,5% iðgjaldi til lífeyrissjóðs. Sama á við um stjórnendur fyrirtækja og aðra þá sem falla utan gildissviðs kjarasamninga SA og aðildarfélaga ASÍ. Til að tryggja lágmarkssamræmi í iðgjöldum hefur staðið til að lágmarksiðgjald skv. lögum nr. 129/1997 verði hækkað úr 12 í 15,5%. Það hefur ekki verið gert.

SA telja ótímabært að breyta ákvæðum ýmissa sérлага um iðgjald til lífeyrissjóða á meðan ekki hafa verið gerðar breytingar á almennum lögum um lífeyrissjóði og frumvarp þess efnis liggur ekki fyrir. Með því er byrjað á röngum enda. Forsenda hækkunar í þessum tilgreindu lögum er að lögbundið lágmarksiðgjald til sjóðanna sé komið í 15,5%.

SA hafa þegar á fyrri stigum andmælt frumvarpi þessu. Sama á við um fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. ASÍ hefur stutt frumvarpið en í því sambandi má benda á að stór aðildarfélög ASÍ hafa sett fram þá kröfu að hluta 3,5% viðbótariðgjaldsins verði í komandi kjarasamningum ráðstafað með öðrum hætti en til aukningar lífeyrisréttinda.

SA leggja áherslu á að fyrir liggur ákvörðun um lækkun tryggingagjalds. Tillögur um hækkun útgjalda sjóða sem fjármagnaðir eru af atvinnulífinu mega ekki raska þeirri ákvörðun eða koma í veg fyrir frekari lækkun tryggingagjalds sem SA telja nauðsynlega.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



---

Ragnar Arnason, lögmaður,  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA